



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
b.t. bæjarráðs  
Stilholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 9. september 2015

1504147 SH

**Efni: *Ráðningar í leikskólum Akraneskaupstaðar***

Árið 2008 voru samþykkt ný lög 78/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Lögin kveða á um lögverndun starfsheitisins leikskólakennari og er í 9. grein lagana kveðið á um að að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara.

Fjölskylduráð samþykkti stefnumarkandi ákvörðun á fundi sínum 7. Júní 2011 þess efnis að hlutfall fagfólks af heildastarfsmannafjölda leikskóla skuli vera 75%. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og starfsfólk í eldhúsi er ekki talið með.

Fjölskylduráð samþykkti að umfram lagaákvæði, eins og með aðrar ráðningar í leikskólum, skuli vera í höndum leikskólastjóra að ráða inn í leikskólana þannig að hlutfall fagfólks verði 75% af heildarstarfsmannafjölda. Þessi ákvörðun fjölskylduráðs hefur haldist óbreytt frá þessum tíma.

Jafnvel þó ekki hafi náðst að uppfylla lagaákvæði þá hefur þetta svigrúm leikskólastjóra til að ráða annað fagfólk gefist vel og hefur stutt við starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar.



Upplýsingar um hlutfall leikskólakennara, fagmenntaðra við umönnun og kennslu:

Akрасel	Raun 2012-2013	Raun 2013-2014	Áætlun 2014-2015	Áætlun 2015-2016	Viðmið
Hlutfall leikskólakennara við umönnun og kennslu	49,5%	57,5%	51,2%	52,6%	66%
Hlutfall fagmenntaðra við umönnun og kennslu	61%	69%	61%	65%	75%
Hlutfall fagmenntaðra af heild	51,8%	58,2%	52,2%	55,6%	
<b>Heildarstöðugildi</b>	<b>29,62</b>	<b>26,73</b>	<b>30,92</b>	<b>32,53</b>	
<b>Garðasel</b>	Raun 2012-2013	Raun 2013-2014	Áætlun 2014-2015	Áætlun 2015-2016	
Hlutfall leikskólakennara við umönnun og kennslu	63,4%	64,9%	64,7%	57,8%	66%
Hlutfall fagmenntaðra við umönnun og kennslu	63,4%	64,9%	64,7%	63,3%	75%
Hlutfall fagmenntaðra af heild	53,2%	54,3%	54,3%	54,0%	
<b>Heildarstöðugildi</b>	<b>19,09</b>	<b>18,85</b>	<b>19,12</b>	<b>20,95</b>	
<b>Teigasel</b>	Raun 2012-2013	Raun 2013-2014	Áætlun 2014-2015	Áætlun 2015-2016	
Hlutfall leikskólakennara við umönnun og kennslu	62,0%	64,2%	63,0%	63,5%	66%
Hlutfall fagmenntaðra við umönnun og kennslu	79,2%	79,5%	77,8%	71,1%	75%
Hlutfall fagmenntaðra af heild	64,4%	64,0%	63,0%	57,4%	
<b>Heildarstöðugildi</b>	<b>16,96</b>	<b>16,24</b>	<b>16,66</b>	<b>16,38</b>	
<b>Vallarsel</b>	Raun 2012-2013	Raun 2013-2014	Áætlun 2014-2015	Áætlun 2015-2016	
Hlutfall leikskólakennara við umönnun og kennslu	56,2%	49,9%	46,1%	48,4%	66%
Hlutfall fagmenntaðra við umönnun og kennslu	59,9%	58,3%	51,8%	55,5%	75%
Hlutfall fagmenntaðra af heild	51,6%	50,7%	45,4%	48,1%	
<b>Heildarstöðugildi</b>	<b>30,78</b>	<b>32,71</b>	<b>35,01</b>	<b>32,4</b>	

Leikskólar á Akranesi	Raun 2012-2013	Raun 2013-2014	Áætlun 2014-2015	Áætlun 2015-2016	
Hlutfall leikskólakennara við umönnun og kennslu	56,5%	57,3%	53,7%	53,9%	66%
Hlutfall fagmenntaðra við umönnun og kennslu	64,0%	66,1%	60,9%	62,4%	75%
Hlutfall fagmenntaðra af heild	60,1%	61,9%	57,7%	58,9%	
<b>Heildarstöðugildi</b>	<b>96,45</b>	<b>94,53</b>	<b>101,71</b>	<b>102,26</b>	

Hlutfall leikskólakennara af heildarstöðugildafjölda í leikskólum á Akranesi að undanskildum leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og starfsfólki í eldhúsi, er með því hæsta sem gerist á landinu.

Virðingarfyllt,

*Svala Hreinsdóttir*

Svala Hreinsdóttir

deildarstjóri skóla- og frístundasviðs